

Gabb og falsanir

Hvernig getum við komið í veg fyrir að láta blekkjast af fölsuðum myndböndum og fölskum upplýsingum á netinu?

Við vitum að við eigum ekki að trúa öllu sem við heyrum en hvað með það sem við sjáum með eigin augum? Framfarir í tölvugerðri grafík, andlitsgreiningu og myndbandsframleiðslu hafa leitt til gífurlegs framboðs af myndböndum sem oft er erfitt að greina hvort eru fölsuð eður ei. Í þessum hluta fjöllum við um það hvernig skoða má slíkt efni með gagnrýnum augum og afla sér upplýsinga um áreiðanleika efnis.

Markmið:

- Að skilgreina villandi upplýsingar og kanna hvaða afleiðingar það hefur að dreifa röngum upplýsingum á netinu.
- Að læra hvernig nota má hliðarlestur til að sannreyna nákvæmni upplýsinga á netinu.
- Að nota hliðarlestur lestur á nokkrum dæmum um vafasöm myndbönd til að ákvarða sannleiksgildi þeirra.

Lykilhugtök:

Staðfesting · rangar upplýsingar · hliðarlestur · villandi upplýsingar

Kennsluáætlun 50 mínútur.

Svín bjargar kiðlingi!

15 mínútur

1.

Spyrjið: Hafið þið séð myndbandið af svíninu sem bjargaði kiðlingi frá drukknun?

Ef einhver nemenda þekkja söguna skuluð þið biðja þau um að bíða með að segja það sem þau vita.

2.

Sýnið myndbandið „**Pig Rescues Baby Goat**“ (30 sekúndur) (glæra 4).

Segið: *Var þetta ekki magnað? Hvernig leið ykkur þegar þið sáuð þetta?*

3.

Segið: *Nú ætlum við að skoða hvernig þetta ótrúlega atvik náðist á myndband.*

Sýnið myndbandið „**Nathan For You – Petting Zoo Hero**“ (2:00) (glæra 5).

Spyrjið: *Hvernig líður ykkur núna, þegar þið vitið að myndbandið var falskt?*

Nemendur gætu nefnt að þeim líði eins og þau hafi verið göbbuð og að það sé óþægileg tilfinning.

4.

Segið: *Hér sýndi grínistinn Nathan Fielder okkur hversu auðvelt það er að búa til falskt myndband sem gæti mögulega farið um netið eins og eldur í sinu. Þetta myndband er dæmi um **villandi upplýsingar** (e. disinformation) sem gjarna er dreift á netinu, með það eitt í huga að afvegaleiða lesendur (glæra 6).*

Útskýrið einnig að **rangar upplýsingar** (e. misinformation) séu upplýsingar sem dreift er á netinu, óháðar ásetningi um að afvegaleiða lesendur (**glæra 6**).

Ef þið deilið þessu myndbandi, eða einhverju sambærilegu, jafnvel þótt ætlun ykkar sé ekki að blekkja, þá eruð þið að dreifa röngum upplýsingum. Samfélagsmiðlar og netið auðvelda mjög dreifingu villandi og rangra upplýsinga.

Segið: *Þrátt fyrir að myndbandið sem við sáum sé dæmi um villandi upplýsingar, var tilgangur þess fyrst og fremst að skemmta fólki. En hvað ef um væri að ræða eitthvað alvarlegra, til dæmis falskar fréttir eða falskar upplýsingar um mikilvægan atburð eins og náttúruhamfarir eða heimsfaraldur? Hvaða afleiðingar gæti það haft?*

Biðjið nemendur að ræða.

Útskýrið að rangar og villandi upplýsingar geti haft alvarlegar afleiðingar. Þær geta:

- *aukið spennu og reiði milli ákveðinna hópa.*
- *skemmt mannorð einstaklinga eða hópa.*
- *haft áhrif á úrslit kosninga.*

Hliðarlestur

20 mínútur

1.

Segið: Það er svo mikið af upplýsingum í boði og við neytum þeirra svo hratt að það er auðvelt að láta blekkjast. Í dag ætlum við að kynnast aðferð sem hjálpar okkur að greina á milli rangra og trúverðugra upplýsinga þegar á vegi okkar verða til dæmis myndbönd eða upplýsingar sem gætu virst vafasamar.

Skiptið nemendum upp í pör eða hópa. Dreifið verkefninu *Hliðarlestur* og biðjið nemendur að lesa fyrirmælin í 1. hluta (**glæra 7**).

2.

Gefið nemendum 15 mínútur til að horfa á myndbandið „**Crash Course: Check Yourself with Lateral Reading**“ (1:15-9:15) og svara spurningunum.

3.

Biðjið hópana að deila lykilatriðum með bekknum (**glæra 8**). Ef tími vinnst til má biðja þau að deila svörum við hverri spurningu fyrir sig. Notið eintak kennara til þess að styðja við umræðurnar. Skilgreinið **Hliðarlestur** sem *aðferð til að ákvarða áreiðanleika upplýsinga á netinu, þar sem þú opnar marga glugga til að leita eftir öðrum upplýsingum eða sannreyna það sem stendur á viðkomandi netsíðu* (**glæra 9**).

Leggið áherslu á þau atriði sem þið viljið að nemendur taki sérstaklega eftir og gefið þeim nokkrar mínútur til að bæta þeim við punktana sína.

Gabb eða ekki?

15 mínútur

1.

Biðjið nemendur að lesa fyrirmælin fyrir 2. hluta, „Gabb eða alvöru?“ í verkefninu **hliðarlestur** (**glæra 10**). Skilgreinið **staðfestingu**, í þessu samhengi, sem *viðbótarheimild eða heimildir sem staðfesta eða styðja fullyrðingar fréttar, greinar eða upplýsinga sem þú horfir á* (**glæra 11**).

2.

Gefið nemendum 10 mínútur til að ljúka verkefninu hvert fyrir sig eða í sameiningu.

3.

Nemendur deila svörum sínum í hópum eða með bekknum. Hvetjið þau til að vísa í heimildir sem þau fundu sem annaðhvort staðfestu eða afsönnuðu sannleiksgildi.

Viðbótarspurningar:

- *Hver bjó til myndbandið?*
- *Hvers vegna var myndbandið búið til?*